

SVIÐSSTJÓRI FJÁRMÁLA- OG STJÓRNSÝSLUSVIÐS SVEITARFÉLAGSINS ÖLFUSS

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs sveitarfélagsins Ölfuss.

Sviðsstjóri hefur yfirumsjón með stjórnsýslu, fjármálum og starfsmannahaldi sveitarfélagsins og stofnana þess. Hann er staðgengill bæjarstjóra og hefur yfirumsjón með fjármálastjórnun bæjarins og stofnana í samráði við aðalbókara og bæjarstjóra. Í störfum sínum hefur sviðsstjóri mikil samskipti við íbúa bæjarfélagsins og starfsmenn einstakra deilda og stofnana.

Helstu verkefni sviðsstjóra

Yfirumsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins

Fjármálastjórnun og úrvinnsla fjárhagsupplýsinga fyrir kjörna fulltrúa

Ábyrgð á fjárhagsáætlanagerð og vinnu við ársreikninga

Samningagerð og eftirfylgni með samningum

Umsjón með persónuverndarmálum

Yfirumsjón og ábyrgð með leyfisveitingum, uppfærslum á samþykktum, reglum og gjaldskrá

Tengsl við önnur stjórnvöld, hagsmunaaðila, stofnanir og fyrirtæki vegna stjórnsýsluverkefna og einstakra erinda og verkefna

Umsýsla fundarboða, fundargerða og afgreiðsla erinda bæjarráðs og bæjarstjórnar

Að leiða samstarf sviðsstjóra í yfirstjórn bæjarins

Menntunar- og hæfniskröfur

Háskólamenntun sem nýtist í starfi, svo sem á sviði viðskipta- eða hagfræði

Reynsla af fjármálastjórnun

Þekking á skjalastjórnunar- og bókhaldskerfum

Þekking á sviði kjaramála er kostur

Farsæl reynsla af stjórnun, mannauðsmálum og samningagerð

Þekking og reynsla af stjórnsýslu og rekstri sveitarfélaga er kostur

Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Góðir samstarfshæfileikar

Nánari upplýsingar veita:

Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is og Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Umsóknarfrestur til: 21. mars 2019